

Útan dagskrár III – Athugasemd um fundarsköp

Ólafur F. Magnússon: Forseti ég harma þann skrípaleik sem hér er settur á svið. Skrípaleik atvinnustjórnámálanna og hugsanalausra froðusnakka við að stunda þöggun á lýðræðinu gagnvart mér og gagnvart borgarbúum sem margir biðu spenntir eftir vantrauststillögu á borgarstjóra og veitir ekki af. Þið eruð að reyna öll sem eitt að flæma bæði fjölmiðla og fólk frá umræðu í borgarstjórn með því að gera hana nógu andskoti leiðinlega og innihaldslitla. Þetta eru froðusnakks Morfís-æfingaræður hjá ykkur. Það nennir enginn að hlusta á ykkur og leyfið þið þeim að komast að sem hafa eitthvað að segja hér í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Forseti: Að sjálfsögðu getur forseti ekki tekið undir þessi ummæli í garð borgarstjórnar og þeirra borgarfulltrúa sem að nú eru að fjalla um mikilvægt málefni sem er umræða um sóknaráætlun í Reykjavík. Ég vil taka fram að í upphafi þessa fundar hélt borgarfulltrúinn stutta ræðu utan dagskrár og þá voru ekki gerðar athugasemdir við þá niðurröðun sem var á útsendri dagskrá og heldur ekki fyrir þennan fund. En umræðu er lokið og næstur tekur til máls Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.